

Leikskólinn Hamravellir
Hvannavellir 1
221 Hafnarfjörður

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: Hamravellir@hafnarfjordur.is

Kópavogur, 30. desember 2025
Tilvísun: E50862

Eftirlitsskýrsla

Tilefni: Reglubundið eftirlit	Eftirlit framkvæmt: 15.12.2025
Starfsleyfi: Gildir til 30.8.2032	Starfsemi: Leikskóli
Aðsetur: Hvannavellir 1	Kt. 5909697579
Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness: Ingibjörg Þorleifsdóttir, heilbrigðisfulltrúi	

Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælafresti verður eftirlitsskýrslan birt á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; www.heilbrigdiseftirlit.is.

Umfang eftirlits

Eftirlit fór fram skv. reglugerð um öryggi leikvallataekja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 1025/2022. Stuðst var við [samræmd starfleyfisskilyrði fyrir leikskóla](#) sem eiga sér m.a. stoð í fyrrgreindum reglugerðum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Niðurstöður eftirlits

Eftirfarandi ábendingum og frávikum er þarfnast úrbóta er komið á framfæri:

- 1) **Skilti.** Ábyrgðarskilti þarf að vera til staðar. Leiksvæðið er ómerkt en á merkingu skal koma fram nafn leiksvæðis, upplýsingar um rekstraraðila, tengslaupplýsingar og neyðarnúmer. Frávik
- 2) **Reglubundin yfirlitsskoðun:** Yfirlitsskoðun á leiksvæðum leikskóla skal vera gerð daglega. Sópun skal vera hluti af skoðuninni. Við eftirlit mátti sjá sand og annað laust efni á fallundirlagi við kastala (mynd 1). Frávik.
- 3) **Lausir hlutir:** Sjá má lausa hluti á leiksvæðinu (mynd 2). Séu lausir hlutir ekki festir niður geta börn velt þeim eða hreyft þá til og þannig slasað sig eða önnur börn. Frávik.
- 4) **Rólur:** Hæð undir körfurólur skal ná að minnsta kosti 40 cm hæð. Setur á venjulegum róllum liggja einnig of lágt en þær skulu vera í að minnsta kosti 35 cm hæð (mynd 3). Frávik.
- 5) **Brunnlok:** Frágangi í kringum brunnlok ábótavant (mynd 4). Frávik.
- 6) **Kastali:** Opi á kastala hefur verið lokað með plötu. Málning á plötunni er flögnuð og gæti þurft að finna aðra sem hentar betur. Ábending.
- 7) **Fótboltavöllur:** Fótboltamörk eru staðsett á grasi. Skv. forsvaraðila er grasið búið að eyðast og svæðið orðið að drullu og því ekki spennandi í leik barnanna. Ábending.

Virðingarfyllst, f.h. heilbrigðiseftirlits

Ingibjörg Þorleifsdóttir, heilbrigðisfulltrúi.



HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Garðabær • Hafnarfjörður • Kópavogur
• Mosfellsbær • Seltjarnarnes



Mynd 1. Sópun á lausu efni ábótavant.



Mynd 2. Laust vörubretti.



Mynd 3. Hæð undir setu ófullnægjandi (30 cm)



Mynd 4. Frágangi við brunnlok ófullnægjandi.